

## AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar  
á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

*Dalvegur 10-14. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 9. nóvember 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Dalveg 10-14.

Í breytingunni felst að byggð er inndregin þakhæð á húsið, um 450 m<sup>2</sup> að stærð. Heildarhæð byggingar verði því 17 metrar í stað 13,3 metrar. Heildarstærð byggingar verði eftir breytingu 12.140 m<sup>2</sup>.

Tillagan var lögð fram og samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 12. september 2006 og skipulagsstjóra falið að auglýsa hana í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 16. september til 17. október 2006 með athugasemdafresti til 31. október 2006. Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu 16. september 2006 og í Lögbirtinga-  
blaði 19. september 2006. Engar athugasemdir bárust. Tillagan var samþykkt í skipulagsnefnd 7. nóvember 2006 og vísað til bæjarráðs til afgreiðslu.

Með tilvísan í ofangreinda afgreiðslu skipulagsnefndar samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar tillöguna 9. nóvember 2006.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 31. janúar 2007.*

**Smári Smárason** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2007